

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 703/2009 um stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands.

1. gr.

6. gr. verður svohljóðandi:

Stórgreiðslukerfið skal starfrækt frá kl. 9.00 til kl. 16.30 á bankadögum, en frá kl. 16.15 skulu þátttakendur loka fyrir greiðslufyrirmæli frá viðskiptamönnum sínum sem eru yfir stórgreiðslumörkum.

Uppgjör í jöfnunarkerfi og verðbréfauppgjörskerfi skal fara fram a.m.k. einu sinni á bankadegi og eigi síðar en við lokun stórgreiðslukerfisins. Seðlabankinn getur heimilað fleiri en eitt uppgjör í jöfnunarkerfi og verðbréfauppgjörskerfi innan hvers bankadags. Ákvarðanir um fjölda uppgjóra og tímasetningu þeirra eru birtar á vefsíðu Seðlabankans. Seðlabankinn getur lokað stórgreiðslukerfinu við sérstakar aðstæður.

Eftirfarandi á við um notkun stórgreiðslukerfisins utan almenns starfrækslutíma þess:

1. Frá kl. 16.30 til kl. 16.45 á bankadögum geta þátttakendur leitað til Seðlabankans til þess að ganga frá innbyrðis greiðsluuppgjöri og eyða skuldastöðu í stórgreiðslukerfinu.
2. Við sérstakar aðstæður getur Seðlabankinn opnað stórgreiðslukerfið utan almenns starfrækslutíma þess.
3. Seðlabankinn ákveður starfrækslutíma stórgreiðslukerfisins á gamlársdag og öðrum dögum þegar bankakerfið er starfrækt hluta úr degi.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands og öðlast gildi 25. maí 2010.

Reykjavík, 30. mars 2010.

Seðlabanki Íslands,

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri.

Tryggvi Pálsson
framkvæmdastjóri.